

Innra mats skýrsla

Innra mat

Leikskólinn Goðheimar



Dagsetning: 20.05.26

Skýrsluhöfundar: Stjórnendateymi Goðheima

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat	3
Niðurstöður mats.....	3
Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll	4
Stjórnun og daglegur rekstur	4
Uppeldis- og menntastarf	5
Leikskólabragur	6
Innra mat.....	7
Foreldrasamstarf	8
Umbótaáætlun/aðgerðaáætlun næsta skólaárs.....	9
Stjórnun og daglegur rekstur	1
Faglegt samstarf.....	1
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	1
Uppeldis og menntastarf	1
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	1
Námssvið leikskólans	2
Leikskólabragur	3
Fagmennska starfsfólks	3
Foreldrasamstarf	Error! Bookmark not defined.
Viðhorf foreldra kannski ekki.....	Error! Bookmark not defined.
Innra mat	4
Umbætur.....	4

Inngangur

Markmið gæðaráðs Goðheima er að skólinn bæti stöðu sína kerfisbundið frá ári til árs. Mikilvægast er að matið á því hvort að viðmið og vísbendingar séu til staðar leiði til umbóta.

Á vorönn 2025 var stofnað gæðaráð sem hefur verið að kynna sér nýja *Menntastefnu Árborgar* sem og gæðaviðmið og innra mat sem fylgir innleiðingu hennar. Gæðaráð hefur verið að meta starfið samkvæmt þeim stöðlum. Starfsmanna- og stjórnenda kannanir frá Moodup hafa einnig legið til grundvallar ásamt foreldrakönnun Skólapúlsins, deildarfundargerðum, deildarstjórafundargerðum, foreldrasamtölum, í rýnihópum, starfsmannasamtölum, innlitum (viðtöl) deildarstjóra við starfsmenn deilda og á starfsdögum skólans.

Þessi skýrsla staðfestir þá stöðu sem matið leiddi af sér. Við hlökkum til að takast á við umbætur á komandi skólaári og að vinna að bættem gæðaprófil skólans.

Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat

Skólaárið 2025 -2026 var unnið eftir starfsáætlun Goðheima og hún metin reglulega á deildarfundum, deildarstjórafundum og teymisfundum deildarstjóra. Starfsáætlun deilda var metin í heild sinni á hverri deild skólans þar sem allir starfsmenn tóku þátt í matinu. Rýnt var í Moodup kannanir og foreldrakönnun Skólapúlsins sem lagðar voru fyrir á skólaárinu og þær kynntar fyrir starfsfólki á starfsdögum. Fundargerðir deilda og deildastjórafundargerðir voru til hliðsjónar við innra mat. Starfræktir voru rýnihópar sem rýndu í ákveðna þætti innan skólans. Deildarstjórar taka reglulega innlit við starfsmenn deilda (4 x á önn) og stjórnendur taka snerpuviðtöl við alla starfsmenn 1x á ári. Unnið úr niðurstöðum innlita og snerpuviðtala og þær nýttar í umbætur.

Niðurstöður mats

Þeir matsþættir sem voru metnir á skólaárinu 2025 -2026 voru fjórir og eru feitletraðir hér að neðan

- Stjórnun og daglegur rekstur
 - **Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur**
- Uppeldis-og menntastarf
 - **Námssvið leikskólans**
- Leikskólabragur
 - **Fagmennska starfsfólks**
- Innra mat
 - **Opinber birting og umbætur**

Helstu niðurstöður skólaprófils Goðheima sýna að flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en þó eru möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar eru til staðar en veikleikar

Matsviðmiðin eru eftirfarandi:

- **Mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
- **Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi** en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
- **Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti**, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
- **Óviðunandi verklag**, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófill

Heildarniðurstaða er skjáskot af skóla/gæðaprófil við lok skólaársins.

Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðastæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Leikskólapróun og símenntun	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Búið er að meta fleiri þætti en áætlað var í langtímaáætlun um innra mat.

Stjórnun og daglegur rekstur

Gögn sem nýtt voru til að máta við viðmið og vísbendingar um skólanámskrá, starfsáætlanir, áætlanir og verklagsreglur eru kerfisbundin vinna við gerð skólanámskrár, áætlanir skólans s.s. starfsáætlanir, áfalla- og slysaáætlun, jafnréttisáætlun, öryggis- og rýmingaráætlanir og uppfærðir verkferlar. Umsagnir foreldraráðs um áætlanir skólans eru nýttar til umbóta.

Niðurstaða – Helstu niðurstöður sýna að í þessum matsþætti er gott verklag, flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar eru til staðar á umbótum. Fleiri styrkleikar eru til staðar en veikleikar. Helstu styrkleikar felast í því að markviss vinna að fyrstu skólanámskrá Goðheima hefur skilað sér vel og verður hún gefin út við hátíðlega athöfn í september 2026. Skólanámskráin tekur mið af sérstöðu

leikskólans og skólustefnu sveitarfélagsins og verður endurskoðuð reglulega. Leikskólastjóri gefur árlega út starfsáætlun í maí. Skólanámskrá er unnin í samvinnu við leikskólasamfélagið. Skólanámskrá og starfsáætlun eru opinber gögn og eru aðgengileg öllum hagsmunaaðilum leikskólasamfélagsins og verða birtar á heimasíðu Goðheima. Þær eru staðfestar af fræðsluráði að fenginni umsögn foreldraráðs leikskólans. Áætlanir og verklagsreglur sem tryggja öryggi barna og starfsfólks og stuðla að því að samhæfa störf og viðbrögð starfsfólks eru til staðar og aðgengilegar öllu starfsfólki leikskólans.

Til umbóta má helst telja að búa þarf til áætlun sem byggð á læsisstefnu Árborgar.

Umbótaáætlun innra-mats skýrslu frá síðasta skólaári:

Stjórnun og daglegur rekstur

Faglegt samstarf – Undir þessu viðmiði tókst okkur að ná tveimur markmiðum af þremur. Markmiðið sem ekki náðist að fullu varðaði „Gæðaráðsfundi“. Við áætluðum að funda 1x í viku sem ekki stóðst. Fundað var alls 8 x á þessari önn. Næsta skólaár ætlum við að miða við 1x í mánuði í 1 klst.

Stjórnun og daglegur rekstur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf
Leikskólapróun og símenntun
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Helstu umbætur næsta árs:

- Gæðaráðsfundir 1x í mánuði í 1 klst. í einu í stað 1x í viku í 30 mín.
- Búa til áætlun sem byggð á læsisstefnu Árborgar.

Uppeldis- og menntastarf

Gögn sem nýtt voru til að máta við viðmið og vísbendingar um námssvið leikskólans voru mat deilda á starfsáætlun, deildarstjórafundargerðir, deildarfundir, starfsmannafundir, teymisfundir og námskrá (sem er í vinnslu).

Niðurstaða – Helstu niðurstöður sýna að í þessum matsþætti er gott verklag, flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar eru til staðar á umbótum. Fleiri styrkleikar eru til staðar en veikleikar. Helstu styrkleikar felast í því að

unnið er með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri. Ritmál er sýnilegt og unnið er markvisst að því að efla samskipti barna. Unnið er markvisst að sköpun í leikskólanum.

Til umbóta má helst telja að vinna þarf áfram með leiðir til að börnin geti metið skólastarfið og fengið fleiri tækifæri til áhrifa á eigið nám. Með því verði stuðlað að auknu lýðræði. Halda þarf áfram að gefa börnunum aukinn tíma í frjálsan leik innan dagskipulagsins. Ekki tókst okkur að innleiða Barnasáttmálann á síðasta skólaári og hefur verið tekin ákvörðun um það að fara ekki í hefðbundna innleiðingu í stað þess verður Barnasáttmálinn fléttaður inn í daglegt starf leikskólans, eins og verið er að gera nú þegar. Leggja þarf áherslu á að í sköpun sé ferlið aðalmálið en ekki afurðin.

Umbótaáætlun innra-mats skýrslu frá síðasta skólaári:

Uppeldis og menntastarf

Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna – Undir þessu viðmiði tókst okkur að ná tveimur markmiðum af fjórum að fullu, einu að hluta til og náðum við ekki árangri í einu. Það sem náðist að hluta til var „Aukin áhrif barna á eigið nám“ Ekki tókst að ljúka „Innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna“.

Uppeldis- og menntastarf
Skipulag náms og námsaðastæður
Uppeldi, menntun og starfshættir
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna
Námssvið leikskólans
Leikskóli án aðgreiningar
Mat á námi og velferð barna

Helstu umbætur næsta árs:

- Halda áfram að leita leiða til að börnin geta metið nám sitt á fjölbreyttan hátt og auka þannig lýðræðislega þátttöku barna í skólastarfi
- Halda áfram að leggja áherslu á frjálsan leik í dagskipulaginu
- Efla vísindastarf í leikskólanum.
- Að leggja enn meiri áherslu á ferli en afurð í sköpun.
- Að vinna markvissara með menningu og list í leikskólanum.
- Að vinna markvisst með heimamenningu allra barna.

Leikskólabragur

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um fagmennsku starfsfólks voru Moodup starfsmannakannanir, deildarstjórafundargerðir, deildar- og teymisfundargerðir og niðurstöður starfspróunarsamtala og innlita (samtöl deildarstjóra við starfsfólk).

Niðurstaða - Helstu niðurstöður sýna að í þessum matsþætti er gott verklag, flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar eru til staðar á

umbótum. Fleiri styrkleikar eru til staðar en veikleikar. Helstu styrkleikar felast í því að faglegur metnaður einkennir starf á deildum, skv. endurmati á starfsáætlun deilda. Einnig eru deildarfundir haldnir reglulega þar sem haldið er vel utan um faglegt starf sem og teymisfundir.

Til umbóta má helst telja að við þurfum að hafa stefnu leikskólans sýnilegri í leikskólanum og að hvetja starfsfólk meira til þess að sækja sér símenntun.

Umbótaáætlun innra-mats skýrslu frá síðasta skólaári: Í langtímaáætlun um innra mat var ekki áætlað að viðfangsefnið **Leikskólabragur** yrði metið skólaárið 2024-2025.

Leikskólabragur
Viðmót og menning
Velferð og líðan barna
Hlutverk leikskólakennara
Fagmennska starfsfólks
Starfsánægja

Helstu umbætur næsta árs:

- Gera stefnu leikskólans sýnilegri
- Hvetja starfsfólk til þess að sækja sér símenntun

Innra mat

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um opinbera birtingu og umbætur voru Innra mats skýrsla 2024-2025, Gæðaviðmið leikskóla Árborgar, endurmat á starfsáætlun deilda, og starfsmanna-, stjórnenda- og foreldrakannanir.

Niðurstaða - Helstu niðurstöður sýna að í þessum matsþætti er gott verklag, flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar eru til staðar á umbótum. Fleiri styrkleikar eru til staðar en veikleikar. Helstu styrkleikar felast í því að Innra mats skýrslur eru gerðar árlega í þeim koma fram greiningar á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Niðurstöður úr innra mati eru ávalt kynntar helstu hagsmunaðilum. Umbótaáætlun er tímasett og skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótum.

Til umbóta má helst telja að birta þarf Innra mats skýrslur hvers árs á heimasíðu leikskólans og fylgja öllum umbótum kerfisbundið eftir.

Umbótaáætlun innra-mats skýrslu frá síðasta skólaári: Í langtímaáætlun um innra mat var ekki áætlað að viðfangsefnið **Innra mat** yrði metið skólaárið 2024-2025.

Innra mat
Skipulag og viðfangsefni
Gagnasöfnun og vinnubrögð
Opinber birting og umbætur

Helstu umbætur næsta árs:

- Að birta Innra mats skýrslu á heimasíðu skólans
- Að fylgja umbótum kerfisbundið eftir

Foreldrasamstarf

Samkvæmt langtímaáætlun um innra mat átti ekki að meta neitt undir þessu viðfangsefni skólaárið 2025-2026. En þar sem foreldrakönnun var ekki send út skólaárið 2024-2025 heldur í febrúar 2026 þá máttum viðmiðið Viðhorf Foreldra.

Viðhorf foreldra – Undir þessu viðmiði tókst okkur að ná einu markmiði af tveimur. Áætlað var að senda út foreldrakönnun í febrúar sem stóðst. Kynna átti „Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna“ fyrir foreldrum og senda svo könnun í kjölfarið, þessu markmiði náðum við ekki.

Foreldrasamstarf
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun
Viðhorf foreldra

Helstu umbætur næsta árs:

- Vinna úr niðurstöðum foreldrakönnunar frá því í febrúar 2026

Umbótaáætlun/aðgerðaáætlun næsta skólaárs

Umbótaáætlun nær til allra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli.

Til að stuðla að góðu lærdómssamfélagi í Goðheimum verður lögð áhersla á að setja fram skýra sýn og markmið. Skólanámskrá Goðheima verður gefin út í september n.k.

Lögð verður áfram áhersla á teymisvinnu og teymissáttmála stjórnenda – og deildarteyma.

Kennarar og starfsfólk hafa í sameiningu unnið að starfsáætlun og verður því haldið áfram. Deildarstjórar fara reglulega yfir starfsáætlun með starfsfólki deilda. Þar gefst tækifæri til þess að starfsfólk geti unnið út frá styrkleikum, áhuga og þekkingu. Mikilvægt er að allir innan starfsmannahópsins fái að tækifæri til að láta hæfileika sína blómstra í starfi. Deildarstjórar hafa kannað áhugasvið starfsmanna innan deildanna og munu fela þeim verkefni sem snýr að þeirra áhugasviði og nýtist í starfi með börnum. Til að bæta samskipti og skilning á vinnustaðnum er mikilvægt að taka vel á móti nýliðum og hlúa hvert að öðru. Einnig taka deildarstjórar fjögur innlit á önn við allt starfsfólk deildarinnar og skólastjórnendur taka amk. eitt snerpuviðtal við alla starfsmenn leikskólans. Stjórnendur stefna á að taka innlit (viðtöl) við deildarstjóra á u.þ.b. 6 vikna fresti.

Mikilvægt er að eiga góða verkferla og kerfi til að vinna eftir og þeir séu aðgengilegir. Deildarstjórar fylgi fundargerðum eftir og kynni fyrir starfsfólki deilda. Kennarar og starfsfólk beri sig eftir fundargerðum og lesi þær yfir og leiti upplýsinga ef eitthvað er óskýrt.

Í upphafi skólaárs voru teknir upp nýjir verkferlar til að miðla daglegum upplýsingum til alls starfsfólks. Hver dagur er settur upp á glærur sem allir starfsmenn hafa aðgang að. Þar er hægt að finna upplýsingar um fundi dagsins, mikilvæg skilaboð, afmæli starfsmanna, fundargerðir teyma og annað gagnlegt sem viðkemur starfi dagsins. Ánægja með þetta fyrirkomulag hefur komið fram í starfsmannakönnunum þar sem starfsfólk telur sig vel upplýst. Haldið verður áfram að þróa þessa verkferla á næsta skólaári.

Hér má sjá umbótaáætlun fyrir þá þætti sem metnir voru á skólaárinu 2025-2026 .

Stjórnun og daglegur rekstur

Faglegt samstarf

Tækifæri til umbóta Aðgerðir til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Gæðaráðsfundir	Fundartímar 1 X í mánuði í 1 klst.	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj.	02.09.26	30.05.27	Fundargerðir	Að teymið haldi langtímaáætlun um innramat

Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Tækifæri til umbóta Aðgerðir til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Búa til áætlun sem byggð er á Læsisstefnu	Læsisteymi býr til áætlun	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj. Læsisteymi	02.09.26	30.05.27	Áætlun tilbúin til notkunar	Áætlun útgefin

Uppeldis og menntastarf

Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Tækifæri til umbóta Aðgerðir til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Aukin áhrif barna á eigið nám	Halda áfram að finna fjölbreyttar leiðir þar sem börn meta eigið nám og taka ákvarðanir út frá þeim.	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj. Deildarstjórar	02.09.26	30.05.27	Viðtölum við börn og matsblöðum. Fundargerðir	Að viðtöl og matsblöð sýni fram á að börnin upplifi aukið lýðræði og jafnrétti í skólanum. Farið yfir á deildar- og deildarstjórafundum

Námssvið leikskólans

Tækifæri til umbóta Aðgerðir til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Vinna markvisst að eflingu vísindastarfs í leikskólastarfi	Vinna fjölbreytt verkefni sem snúa að vísindum í leikskólastarfi	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj. Deildarstjórar	02.09.26	30.05.27	Starfsáætlunum deilda Fundargerðir	Vísindastarf sýnilegt og metið í starfsáætlun deilda.
Leggja enn meiri áherslu á frjálsan leik í dagsskipulagi	Setja frjálsan leik inn í dagsskipulag deilda og leikjaskráningar framkvæmdar	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj. Deildarstjórar	02.09.26	30.05.27	Starfsáætlunum deilda Fundargerðir	Dagsskipulag deilda sýnir fram á að frjáls leikur fari fram og leikjaskráningar eru til staðar frá öllum deildum.
Leggja áherslu á ferli en ekki afurð í sköpun	Búa til „listastefnu Goðheima“ og kynna vel fyrir deildum	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj. Deildarstjórar	02.09.26	30.05.27	Starfsáætlunum deilda Fundargerðir	Listastefna er tilbúin Starfið sýnir fram á árangur
Vinna markvissara með menningu og list í leikskólanum	Með því að fá listamenn í heimsókn, fara að skoða list í víðum skilningi í nærumhverfinu	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj. Deildarstjórar	02.09.26	30.05.27	Starfsáætlunum deilda Fundargerðir	Nemendur hafa upplifað „list“ í nærumhverfi og í leikskólanum.
Vinna markvisst með heimamenningu allra barna	Fræðast um heimamenningu með því að skoða upplýsingar á vef, lesa bækur, fræðsla frá foreldrum	Deildarstjórar Starfsfólk deilda	02.09.26	30.05.27	Starfsáætlunum deilda Fundargerðir	Nemendur hafa kynnst fjölbreyttri menningu.

Leikskólabragur

Fagmennska starfsfólks

Tækifæri til umbóta Aðgerðir til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Gera stefnu leikskólans sýnilegri	Búa til samfelldan texta um stefnu leikskólans og birta á heimasíðu og veggjum skólans.	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj.	02.09.26	30.12.26	Stefna leikskólans er tilbúin	Að búið sé að birta stefnu Goðheima á heimasíðu skólans.
Hvetja starfsfólk til þess að sækja sér símenntun	Með því að upplýsa starfsfólk um námskeið og fræðsluerindi sem eru í boði hverju sinni. Rætt í viðtölum. Verða við óskum starfsmanna.	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj. Deildarstjórar	02.09.26	30.06.27	Í innlitum deildarstjóra, í snerpusamtölum við stjórnendur.	Að starfsfólk skrái sig á námskeið og deili upplifun og þekkingu með samstarfsfólki, þegar við á.

Innra mat

Umbætur

Tækifæri til umbóta Aðgerðir til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Að birta Innra mats skýrslu á heimasíðu skólans	Búa til flipa á heimasíðu sem heitir Innra mats skýrsla og setja skýrsluna þar.	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj.	30.08.26	30.12.26	Er nýjasta skýrslan komin inn?	Flipinn er virkur og skýrslan þar undir.
Fylgja umbótum eftir kerfisbundið	Setja þetta inn í verkefnaáætlun stjórnenda fyrir 2026-2027 – yfirfarið mánaðarlega	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj. Deildarstjórar	02.09.26	30.05.27	Athugað mánaðarlega með því að lesa yfir verkefnaáætlun stjórnenda. Á fundum.	Umbótum fylgt eftir og árangur sýnilegur.

Foreldrasamstarf

Tækifæri til umbóta Aðgerðir til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Úrvinnsla foreldrakönnunar	Búa til umbótaáætlun	Leiksk.stj. Aðst.leiksk.stj. Deildarstjórar	02.09.26	30.10.26	Á deildarstjórafundum	Tilbúin umbótaáætlun